

Föstudaginn 27. júní 1997.

Nr. 9/1997.

**Sjúkraliðafélag Íslands**

(Hjalti Pálmason cand. jur.)

gegn

**Reykjanesbæ og**

(Sigurður Guðmundsson hdl.)

**Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar**

Kjarasamningur. Samningsaðild.

**Dómur Félagsdóms.**

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Guðni Haraldsson og Gísli Gíslason.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ.m., var höfðað með stefnu birtri 15. maí sl., þingfestri 26. maí sl.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0109, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Stefndu eru Reykjanesbær, kt. 470794-2169, Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ og Starfsmannafélag Reykjanesbæjar, kt. 411087-2559, Hafnargötu 37a, Reykjanesbæ.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að Sjúkraliðafélag Íslands fari með samningsaðild fyrir Ingu Lóu Guðmundsdóttur, kt. 250957-5059, Lyngholti 22, 230 Reykjanesbæ, við gerð kjarasamninga við Reykjanesbæ vegna starfa hennar sem forstöðumaður dagvistar aldraðra hjá Reykjanesbæ að Suðurgötu 12, Reykjanesbæ.

Að stefndi Reykjanesbær verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað vegna meðferðar málsins fyrir Félagsdómi, þ.m.t. kostnað stefnanda af virðisaukaskattskyldri lögmannsþjónustu.

Dómkröfur stefnda Reykjanesbæjar:

Að stefndi Reykjanesbær verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og að stefnandi greiði stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins, stefnda að skaðlausu.

Við þingfestingu málsins var lögð fram yfirlýsing formanns Starfsmannafélags Reykjanesbæjar, þar sem því var lýst yfir að Starfsmannafélag Reykjanesbæjar geri ekki athugasemd við dómkröfur stefnanda að öðru leyti en því, að félagið andmælir því að verða dæmt til greiðslu málskostnaðar, enda hafi félagið á engan hátt átt þátt í því að þessi málssókn reyndist nauðsynleg.

Starfsmannafélag Reykjanesbæjar hélt ekki uppi vörnum í málinu.

Við munnlegan málflutning féll stefnandi frá kröfu um málskostnað úr hendi stefnda Starfsmannafélags Reykjanesbæjar.

*Málavextir.*

Inga Lóa Guðmundsdóttir er sjúkraliði og félagsmaður í SLFÍ.

Á fundi félagsmálaráðs Keflavíkur 25. maí 1992 kom fram tillaga um að stofnunin auglýsti eftir forstöðumanni fyrir dagvist aldraðra og skyldi hann hafa hjúkrunarfræðimenntun eða aðra menntun sambærilega. Í Víkurfréttum 26. tbl., 25. júní 1992, birtist auglýsing frá félagsmálastjóra Keflavíkur þar sem óskað var eftir að ráða forstöðumann dagvistar aldraðra frá og með 1. sept. 1992. Tekið var fram að hjúkrunarfræðimenntun væri áskilin. Í 27. tbl. Víkurfrétta, 2. júlí 1992, birtist önnur auglýsing þar sem Keflavíkurbær óskaði eftir að ráða forstöðumann dagvistar aldraðra. Í þeirri auglýsingu var tekið fram að æskilegt væri að viðkomandi hefði sjúkraliðamenntun og/eða reynslu í umönnun aldraðra.

Á fundi félagsmálaráðs 9. júlí 1992 var samþykkt að leggja til að Inga Lóa Guðmundsdóttir sjúkraliði, Lyngholti 22, Keflavík, yrði ráðin í hina auglýstu stöðu og var Inga Lóa ráðin í starfið frá 1. september 1992.

Frá upphafi ráðningar sinnar hefur Inga Lóa verið félagsmaður í SLFÍ og hefur hún óskað þess að félagið færi með kjarasamningsfyrirsvar hennar við Reykjanesbæ. Því hefur stefndi, Reykjanesbær, hafnað. Hefur Inga Lóa fengið greitt samkvæmt kjarasamningi Reykjanesbæjar við Starfsmannafélag Reykjanesbæjar. Sá kjarasamningur nær til starfsheitis forstöðumanns dagvistar aldraðra. Að sögn stefnanda hefur Ingu Lóu verið gert að greiða félagsgjöld til starfsmannafélagsins.

Með bréfi, dags. 24. okt. 1996, undirrituðu af Gunnari Gunnarsyni framkvæmdastjóra Sjúkraliðafélags Íslands, tilkynnti SLFÍ stefnda Reykjanesbæ, að Inga Lóa Guðmundsdóttir hafi óskað innngöngu í félagið og því bæri vinnuveitanda hennar að greiða henni laun samkvæmt launatöflu SLFÍ og standa skil á félagsgjöldum, þar með talið framlögum í starfsmenntunarsjóð og orlofssjóð. Með bréfi stefnda Reykjanesbæjar, dags. 18. nóvember 1996, var stefnanda tilkynnt að bæjarráð hefði á fundi 13. nóvember 1996 hafnað erindinu.

Með bréfi til bæjarráðs Reykjanesbæjar, dags. 27. des. 1996, var

ítrekuð krafa stefnanda um að Reykjanesbær viðurkenndi stéttarfélagsaðild Ingu Lóu í SLFÍ og að laun yrðu greidd samkvæmt launatöflu félagsins. Var erindi stefnanda m.a. rökstutt með vísun til niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 16/1995. Með bréfi stefnda Reykjanesbæjar til stefnanda, dags. 10. janúar 1997, áréttaði Reykjanesbær fyrri afstöðu sína.

Með bréfi, dags. 12. mars 1997, sendi stefnandi stefnda Reykjanesbæ álitargerð lögmanns stefnanda og ítrekaði kröfu um gerð kjarasamnings við sveitarfélagið. Með bréfi stefnda Reykjanesbæjar til stefnanda, dags. 21. apríl 1997, var tilkynnt að erindi stefnanda hefði verið hafnað.

*Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.*

Stefnandi kveður mál þetta lúta dómsvaldi Félagsdóms á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Málshöfðunin beinist eðli málsins samkvæmt einkum að stefnda Reykjanesbæ, en til öryggis sé Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar einnig stefnt, enda þurfi félagið að vera aðili málsins til þess að vera bundið af dómi í því.

Stefnandi byggir á eftirtöldum málsástæðum og lagarökum:

SLFÍ sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 3. tl. 5. gr. laganna. Af því leiði að SLFÍ eigi rétt á því að fara með samningsaðild fyrir félagsmenn sína sem þess óska. Inga Lóa Guðmundsdóttir sé sjúkraliði að mennt, óski félagsaðildar að SLFÍ og þess að félagið fari með samningsaðild fyrir hennar hönd við kjarasamningsgerð við Reykjanesbæ.

Sannað sé í málinu að sjúkraliðamenntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur nýtist henni í starfi forstöðumanns aldraðra, enda beinlínis áskilið í auglýsingu um starfið að slík menntun eða sambærileg sé fyrir hendi.

Stefnda Reykjanesbæ sé óheimilt að hafa afskipti af stéttarfélagsaðild Ingu Lóu Guðmundsdóttur og sé jafnframt óheimilt að þvinga hana til þátttöku í öðru stéttarfélagi en hún sjálf kjósi. Þessi regla verði leidd af félagafrelsisákvæði í 74. gr. stjórnarskrárinnar og sé jafnframt varin af 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem hafi beint lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994. Reglan hafi beinan stuðning í 4. gr. laga nr. 80/1938. Stefnandi telur að túlka beri ákvæði I. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna í samræmi við þetta.

Samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög opinberra starfsmanna rétt til samningsaðildar fyrir félagsmenn sína. Í reglunni felist að ríki og sveitarfélögum sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem hjá þeim starfa, að uppfylltum almennum skilyrðum.

Að mati stefnanda er dómur Félagsdóms í málinu nr. 16/1995 skýrt fordæmi um að kröfu stefnanda skuli taka til greina.

Málskostnaðarkröfu sína styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

*Málsástæður og lagarök stefnda, Reykjanesbæjar.*

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög starfsmanna ríkis og sveitarfélaga eða samtök slíkra félaga að fara með fyrirsvaer félagsmanna sinna við gerð kjarasamninga samkvæmt lögum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá. Inga Lóa Guðmundsdóttir sé félagi í Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar og engin gögn fyrirleggjandi í málinu þess efnis að hún hafi sagt sig úr því félagi. Samkvæmt því hljóti SFR að fara með samningsumboð Ingu Lóu.

Stefndi, Reykjanesbær, hafi ekki á nokkurn hátt þvingað Ingu Lóu til þátttöku í öðru stéttarfélagi en hún kjósi sjálf. Í ráðningarsamningi Ingu Lóu, dags. 1. ágúst 1992, komi fram að hún taki laun samkvæmt kjarasamningi launanevndar S.S.S. og STKB. Með því hafi Inga Lóa gengið í STKB nú STRB. Því hljóti starfsmannafélag Reykjanesbæjar að fara með samningsaðild fyrir hana, enda þiggi hún laun samkvæmt kjarasamningi þess félags.

Því er ekki mótmælt að rétturinn til að ganga í stéttarfélag teljist til grundvallarréttinda og sé varinn af félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og af mannréttindasáttmála Evrópu. Þannig mótmælir stefndi því ekki að Inga Lóa sé í stéttarfélagi SLFÍ, hins vegar hljóti aðild hennar þar ýmist að vera aukaaðild eða fagfélagsaðild, því að Inga Lóa þiggi nú laun og muni gera, sbr. ráðningarsamning hennar, samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Reykjanesbæjar og vísist til meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga því til stuðnings.

Í lögum Sjúkraliðafélags Íslands sé raunar gert ráð fyrir því að sjúkraliðum kunni að vera skylt að vera aðilar að öðru stéttarfélagi, sbr. 5. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands. Þannig megi telja að Ingu Lóu sé skylt að vera aðili að Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar

enda hafi hún samið um að taka laun samkvæmt kjarasamningi þess félags við stefnda.

Pannig verði, svo dæmi sé tekið, ekki talið að lögfræðingur, sem ráði sig hjá Reykjanesbæ og samþykki að taka laun samkvæmt kjarasamningi launaneftdar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Reykjanesbæjar í upphafi ráðningartímans, geti á síðari stigum gengið í Lögfræðingafélag Íslands og óskað eftir því að þeir fari með samningsaðild hans við gerð kjarasamninga. Viðsejandi stefnda hljóti að vera í Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar eftir sem áður, þrátt fyrir að Inga Lóa hafi sótt um inngöngu í SLFÍ, eins og komi fram í ráðningarsamningi hennar, sem hún hafi undirritað af fúsum og frjálsum vilja.

Inga Lóa hafi samið svo um, að Starfsmannafélag Reykjanesbæjar sjái um kjarasamningsgerð fyrir hennar hönd, því verði ekki breytt þrátt fyrir að hún gangi í Sjúkraliðafélag Íslands og sé raunar stefnda þrautalaust þótt hún sé aðili að því félagi. Hins vegar semji stefndi um kaup Ingu Lóu við Starfsmannafélag Reykjanesbæjar, sbr. ráðningarsamning aðila. Vilji Inga Lóa breyta þeim ráðningarsamningi ætti slíkt álitaefni væntanlega undir héraðsdóm en ekki Félagsdóm og ekki verði séð að Félagsdómur hafi dómsvald til þess að breyta persónubundnum ráðningarsamningum.

Því er mótmælt sem ósönnuðu að sjúkraliðamenntun Ingu Lóu nýtist henni í starfi forstöðumanns dvalarheimilis aldraðra og hljóti stefndi (svo) að bera sönnunarbyrðina fyrir þeirri fullyrðingu sinni

Inga Lóa sé opinber starfsmaður og samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 94/1986 eigi stéttarfélög opinberra starfsmanna rétt til samningsaðildar fyrir félagsmenn sína. Stefnda sé skylt að gera kjarasamning við stéttarfélög vegna félagsmanna þeirra. Viðsejandi stefnda samkvæmt framangreindu sé Starfsmannafélag Reykjanesbæjar en ekki SLFÍ.

Dómur Félagsdóms í málinu nr. 16/1995 sé ekki fordæmisgefandi í máli þessu.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda, Reykjanesbæjar, að dskj. nr. 16 yrði lagt til grundvallar í málinu í stað dskj. 14.

Um lagarök er vísað til laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, mannréttindasátt-

mála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra. Þá er vísað til meginreglna samningaréttarins, sérstaklega um frelsi til samninga og skuldbindingargildi þeirra.

Um málskostnaðarkröfu stefnda er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

*Niðurstaða.*

Mál þetta á undir dómsvald Félagsdóms samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Óumdeilt er að samþykkt var á fundi félagsmálaráðs Keflavíkur hinn 25. maí 1992 að ráða forstöðumann við dagvist aldraðra. Var við það miðað að forstöðumaðurinn hefði hjúkrunarfræðimenntun eða aðra sambærilega menntun. Í auglýsingu um stöðuna, sem birtist í Víkurfréttum 25. júní 1992, var hjúkrunarfræðimenntun áskilin. Í auglýsingu um stöðuna, er birtist í sama blaði hinn 2. júlí 1992, var tekið fram að æskilegt væri að viðkomandi hefði sjúkraliðamenntun og/eða starfsreynslu í umönnun aldraðra. Inga Lóa Guðmundsdóttir var meðal umsækjenda um stöðuna. Félagsmálaráð Keflavíkur samþykkti að leggja til að Inga Lóa Guðmundsdóttir yrði ráðin í stöðuna. Réðu bæjaryfirvöld Ingu Lóu til starfans, sbr. ráðningarsamning, dags. 1. ágúst 1992.

Samkvæmt gögnum málsins gekk Inga Lóa Guðmundsdóttir í Sjúkraliðafélag Íslands hinn 11. apríl 1991. 24. október 1996 sagði Inga Lóa Guðmundsdóttir sig formlega úr Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar. Með bréfi, dags. 24. október 1996, tilkynnti stefnandi stefnda Reykjanesbæ um félagsaðild Ingu Lóu Guðmundsdóttur að Sjúkraliðafélagi Íslands og fór fram á að sveitarfélagið stæði skil á félagsgjöldum og gjöldum til sjóða félagsins vegna hennar. Bæjarráð Reykjanesbæjar hafnaði erindinu á fundi sínum 13. nóvember 1996 svo og síðari ítrekunum stefnanda.

Sjúkraliðafélag Íslands er stéttarfélag sem hefur rétt til að vera samningsaðili við stefnda, Reykjanesbæ, samkvæmt ákvæðum 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986. Inga Lóa Guðmundsdóttir er félagi í Sjúkraliðafélagi Íslands.

Af hálfu stefnda Reykjanesbæjar er því mótmælt sem ósönnuðu að sjúkraliðamenntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur nýtist henni í umræddu starfi. Þegar litið er til fyrrgreindra ákvarðana og auglýsinga stefnda, Reykjanesbæjar, um starfið svo og eðlis starfsins þykir ótví-

rætt mega byggja á því að menntun Ingu Lóu Guðmundsdóttur og starfsreynsla hennar sem sjúkraliði nýtist henni í starfinu. Samkvæmt því og með vísan til þess að samningsréttur stéttarfélaga samkvæmt 3. tölulið 5. gr. laga nr. 94/1986 er ekki bundinn því skilyrði að hann taki einungis til þeirra félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sem gegna störfum hjá viðsemjanda félagsins, þar sem starfsmenntun er áskilin, ber að fallast á kröfu stefnanda, sbr. dóm Félagsdóms 14. júlí 1995 í máli nr. 16/1995.

Ekki verður talið, að stefndi hafi sýnt fram á nein þau atvik sem leiði til bindandi samningsfyrirsvars Starfsmannafélags Reykjanesbæjar vegna Ingu Lóu Guðmundsdóttur, er standi framangreindri niðurstöðu í vegi, enda sagði hún sig úr Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar 24. okt. 1996 og starfsmannafélagið gerir ekki athugasemdir við dómkröfur stefnanda, sbr. yfirlýsingu félagsins vegna málssóknarinnar, dags. 16. maí 1997.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi Reykjanesbær greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að Sjúkraliðafélag Íslands fari með samningsaðild fyrir Ingu Lóu Guðmundsdóttur, kt. 250957-5059, Lyngholti 22, Reykjanesbæ, við gerð kjarasamninga við Reykjanesbæ vegna starfa hennar sem forstöðumaður dagvistar aldraðra hjá Reykjanesbæ, Suðurgötu 12, Reykjanesbæ.

Stefndi, Reykjanesbær, greiði stefnanda, Sjúkraliðafélagi Íslands, kr. 150.000 í málskostnað.

---